

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 44. fundar skólanefndar

21. september 2009

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, Björg Ágústsdóttir, Magnús Þór Jónsson, Sigríður Finsen, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Fanney Sumarliðadóttir áheyrnarfulltrúi nemenda, Anna María Reynisdóttir áheyrnarfulltrúi foreldraráðs og Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara sem ritar fundargerð.

Kjartan Páll setur fundinn og býður Fanneyju sérstaklega velkomna á sinn fyrsta fund.

1. Skólahald – tölur og upplýsingar.

Skúlína ræðir um upphaf haustannar. Heildarfjöldi nemenda er 281, þar af eru 34 í dreifnámi, 34 á Patreksfirði og þar af eru 2 skiptinemar. Deildin þar var áætluð fyrir 25 nemendur sem kallaði m.a. á einhver húsgagnakaup. Hún segir frá prufuáskrift að eMission í einn mánuð meðal annars vegna fjölda nemenda á Patreksfirði, en þar er aðeins einn fjarfundabúnaður sem setur starfinu svolitlar skorður. eMission er hugbúnaður sem gerir kennurum kleyft að taka upp kennslustundir og námsefni og setja á netið sem og að senda kennslustundir beint út í gegnum kennsluumsjónarkerfið. Skúlína segir frá tilmælum frá ráðuneyti um að skera niður allt grunnskólanám og 50% af fjarnámi og kvöldskólanámi. Hún og Pétur Ingi ákváðu að þjappa kennslumagninu og hleypa öllum nemendum sem sóttu um skólagöngu inn í skólann.

Það þótti óeðlilegt að rjúfa tengslin við grunnskólana og var ákveðið að 13 nemendur úr grunnskólunum í Snæfellsbæ og Grundarfirði kæmu í skólann einu sinni í viku í ensku og standa sveitarfélögin straum að þeim kostnaði. Stykkishólmsbær sá sér ekki fært að taka þátt í því að þessu sinni. Sigríður lýsir yfir eftirsjá sinni eftir námi 10 bekkinga við skólann og telur það misráðið hjá ráðuneytinu að fara í þessar sparnaðaraðgerðir. Hún telur að þessir nemendur hafi skipt skólann okkar miklu máli og að það sé mikil eftirsjá eftir þeim. Magnús tekur undir með Sigríði með að það sé lykilatriði fyrir skólann að grunnskólanemendur hafi aðgang að honum og að það skipti sköpum fyrir framtíð skólans því þátttaka þeirra er ákveðin markaðssetning fyrir skólann.

Skúlína segir frá styrk frá Menntamálaráðuneytinu upp á 2,1 milljón króna, sem fékkst til að sinna námskrárvinnu í samvinnu við Framhaldsskólann á Laugum og Menntaskóla Borgarfjarðar. Magnús spyr hvaða skilaboð komi frá ráðuneytinu um framkvæmd laganna m.t.t. kreppu og Skúlína segir að skilaboðin séu þau að halda áfram í námskrárgerð og að lögin eigi að vera komin til framkvæmda árið 2011. Björg spyr hvaða áhrif kreppan komi til með að hafa á námskrárvinnu og Skúlína segir að námskrárvinnna sé hugsuð til framtíðar og að við verðum að leggja hana upp hana þannig. Skúlína segir frá hugmyndum um Mobile learning – „Nám á ferð og flugi“ og notkun farsíma í kennslu sem er verkefni, sem verið er að koma á laggirnar, í samvinnu við Menntaskóla Borgarfjarðar og Símann.

Skúlína segir frá nýjum kennurum við skólann: Aðalsteini Eymundssyni, Ernu Guðmundsdóttir, Hilmarí Guðlaugssyni og Steingrími Gunnarssyni.

2. Breytingar á skólareglum og skipulagi.

Skúlína kynnir breytingar á skipulagi stundaskrár. Breytingarnar fólust í því að fastsetja vinnustofur í upphafi og lok skóladags með mætingaskyldu á alla dagskólanemendur, en hafa fastar kennslustundir þess á milli. Skóladagurinn lengdist einnig um hálf tíma frá mánudegi til fimmtudags og um rúma klukkustund á föstudögum. Þessi breyting var gerð að höfðu samráði við kennara, en mikil óánægja hafði verið með nýtingu verkefnatíma undanfarnar annir. Að sama skapi væri hægt að fá betri nýtingu á rútuferðum til og frá skólanum með þessu móti. Skúlína segir að breytingarnar hafi að sjálfsögðu tekið á og að viðbröð hafi verið misjöfn, en núna þegar skráningarvandræði í Innu hafi verið leyst þá megi gera ráð fyrir því að hlutirnir eigi eftir að lagast og að hægjast um.

3. Fjármál.

Skúlína fer yfir rekstrarkostnað skólans og segir frá því að launakostnaður og akstur séu langstærsti rekstrarkostnaðurinn. Hún útskýrir ástæður þess að hún fór í þær aðgerðir að skera einingar af nemendum og þær stórtæku töflubreytingar sem farið var í eftir að skólastarfið hófst. Umræður sköpuðust um takmörkun eininga hjá nemendum og lýstu Sigríður og Magnús yfir áhyggjum sínum vegna þess og spurðu hvort líklegt væri að þetta yrði líka á næstu önn. Skúlína segist ekki geta lofað neinu og segir að slíkt verði að skoða þegar í ljós komi hvaða fjárveitingar skólinn fái.

4. Foreldraráð – ábendingar skólanefndar.

Anna María Reynisdóttir sagði frá fyrsta fundi nýstofnaðs foreldraráðs og því að ákveðið hafi verið að standa fyrir a.m.k.einni uppákomu í vetur, bæði fyrir foreldra og nemendur og þá sérstaklega í formi sjálfsstyrkingar. Hún sagði frá því að ákveðið hafi verið að halda foreldrafundi í hverju bæjarfélagi fyrir sig til að styrkja böndin innan sveitarfélagsins og eins til að kynna fulltrúa í stjórn foreldraráðs.

5. Önnur mál.

- i) Björg spurði Fanney fréttu af nemendafélaginu og því hvernig nemendum liði. Fanney sagði frá því helsta sem er á döfinni og því hvernig starfið fer í gang. Hún sagði frá því að NFSN á nú fulltrúa í stjórn SÍF.
- ii) Sigríður spyr hvort breytingar á stundatöflu hafi haft áhrif á aukningu á nýtingu á skólaakstri. Hugsanlegt að ræða breytingar á lögum um dreifbýlisstyrk til að koma í veg fyrir akstur nemenda á einkabílum.
- iii) Björg ræðir um mikilvægi þess að gera góða áætlun um það hvernig eigi að bregðast við frekari niðurskurði og því hversu mikilvægt það sé gera fólki grein fyrir ástæðu þess að farið sé í slíkar breytingar og nauðsyn þeirra. Hvaða aðgerða er hægt að grípa til – Björg telur mjög mikilvægt að hafa kennara, nemendur og foreldra með í ráðum þegar fara á í breytingar og eins að kynna allar breytingar vel fyrir öllum og útskýra þær – benda á hvað við höfum sem er gott og hvaða kosti við höfum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.10

Skúlína boðar næsta fund í október.